



Sala og birgðir mjólkurvara.

Minnisblað, 14.12, 2020

Frá: Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Til: Atvinnuveganefndar alþingis


Í framhaldi af fundi sem fulltrúar SAM sátu með Atvinnuveganefnd alþingis vilja SAM koma eftirfarandi á framfæri til að skýra betur þá stöðu sem uppi er.

Misvægi í sölu próteins og fitu

Undanfarin misseri hefur sífellt hallað á ógæfuhliðina er varðar misræmi í sölu afurða sem byggja annars vegar á fituríkum vörum og hins vegar mjólkurpróteini. Ástæður þessa eru margþættar en allt að einu er niðurstaðan nú 4% samdráttur á 12 mánaða tímabili miðað við lok nóvember sl. Þannig nemur ójafnvægi sölunnar milli fitu og próteins nú um 23,1 milljónum lítra á ársgrundvelli. Eðli máls samkvæmt verður að afsetja þennan mismun á erlenda markaði.

Þessi þróun hefur átt sér nokkurn aðdraganda en síðustu misseri má segja að keyrt hafi um þverbak. Þann 1. maí 2018 kom til framkvæmda samningur Íslands og ESB um viðskipti með landbúnaðarvörur sem hefur stóraukið markaðsaðgang þess síðartalda á héraðan markað um hundruð tónna af osti, en ostar eru einmitt próteinrík afurð. Óhjákvæmilegt var að innlendar afurðir létu að einhverju marki undan síga fyrir auknum innflutningi. Að auki liggur nú fyrir að misbrestir hafa verið á tollaframkvæmd þannig að verulegt magn m.a. osta hefur verið flutt inn hingað til lands án tolla og umfram þann tollfrjálsa markaðsaðgang sem samið hefur verið um við önnur lönd. Hér er vísað til innflutnings á innflutningur á svokölluðum „jurtaosti“ sem nú liggur fyrir að átti að tollflokka sem hefðbundinn mjólkurost. Mjólkuriðnaðurinn sem er nær alfarið í eigu bænda, hefur því orðið fyrir þungum búsifjum af þessum völdum.


Meðfylgjandi mynd sýnir hvernig þróunin hefur verið sl. þrjú ár eða frá ársbyrjun 2017.



Í upphafi tímabilsins nam mismunur á sölu mjólkurafurða miðað við fituinnihald annars vegar og próteininnihalds hins vegar 10,1 milljónum lítra. Nú tæpum þremur árum síðar hefur munurinn meira en tvöfaldast, (128% aukning) og nemur 23,1 milljónum lítra miðað við próteininnihald.

Birgðapróun

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun birgða mjólkurvara miðað við próteininnihald, frá ársbyrjun 2020 samanborið við sama mánuð árið 2019. Birgðirnar eru umreiknaðar í jafngildi lítra af mjólk með stuðlum sem auglýstir eru af opinberri nefnd, Verðlagsnefnd búvara. Af myndinni má sjá að birgðir hafa aukist hröðum skrefum á árinu og var svo komið að í lok september voru þær 15 milljónum lítra meiri en á sama tíma í fyrra. Aukningin nemur um 55% eða sem svarar ársnytt próteinþáttar mjólkur frá 50 kúabúum af algengri stærð. Gríðarlegur kostnaður er fólgin í geymslu- og fjármagnskostnaði vegna slíkrar birgðasöfnunar.



Útflutningur og þróun erlendra markaða

Eðli máls samkvæmt verður að flytja úr landi það mjólkurprótein sem ekki er markaður fyrir innanlands. Vegna sölutregðu og verðfalls sem rekja má að stórum hluta til COVID 19 heimsfaraldursins söfnuðust hins vegar upp birgðir innanlands eins og fyrr er lýst. Nokkuð gekk á þessar birgðir í nóvember. Opinberar skýrslur Hagstofunnar um útflutning í nóvember liggja ekki fyrir. En þess má geta að verð á undanrennudufti í Vestur-Evrópu féll um 47% frá janúar 2020 til apríl 2020.

Lokaorð

Mjólkurframleiðsla er stærsta einstaka búgrein sem stunduð er á Íslandi og stóð fyrir 26,5% af heildar framleiðsluvirði landbúnaðarins árið 2019, að fóðurframleiðslu meðtalinni. Auk þess er mikill fjöldi starfa í þjónustu og úrvinnslugreinum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði

Erna Bjarnadóttir (sign.)

Bjarni Ragnar Brynjólfsson (sign.)